



ALMANNAVARNIR SUÐURNESJA, utan Grindavíkur
Flugvöllum 33, 230 Reykjanesbær

74. fundur

**Fundur haldinn í Almannavarnanefnd Suðurnesja utan Grindavíkur, þriðjudaginn
28. maí 2025 kl. 12:00 í fundarsal Brunavarna Suðurnesja bs. að Flugvöllum 33,
Reykjanesbæ.**

Mætt voru: Magnús Stefánsson varaformaður, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, Guðrún P. Ólafsdóttir, Eyþór Rúnar Þórarinsson, Arnar Steinn Elísson, Margrét Kristín Pálsdóttir og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Auk þess sátu fundinn Friðfinnur Freyr Guðmundsson (Isavia), Eðvarð Atli Bjarnason (svæðisstjórn sv2), Gunnar Schram (Lögreglan á Suðurnesjum) og Guðbergur Reynisson (RKÍ)

Varaformaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Jafnframt býður hann nýjan lögreglustjóra velkomna til starfa og samstarfs við almannavarnanefnd.

Almannavarnarnefnd Suðurnesja utan Grindavíkur þakkar Úlfari Lúðvíkssyni fyrrverandi lögreglustjóra á Suðurnesjum fyrir ánægjulegt og farsælt samstarf á undanförunum árum.

Dagskrá:

- 1. Yfirferð og borið til samþykktar stjórnskipulagsáætlun aðgerðastjórnar á Suðurnesjum**
Lögð er fram stjórnskipulagsáætlun fyrir umdæmi lögreglustjórans á Suðurnesjum sem er unnin af Lögreglustjóranum á Suðurnesjum, í samstarfi við almannavarnasvið ríkislögreglustjóra, almannavarnanefnd Suðurnesja utan Grindavíkur og almannavarnanefnd Grindavíkur.
Áætlunin er samþykkt samhljóða.
- 2. Yfirferð og borið til samþykktar hópsslysáætlun fyrir Suðurnes.**
Lögð er fram viðbragsáætlun vegna hópsslys á Suðurnesjum sem er unnin í samvinnu Lögreglustjórans á Suðurnesjum, Almannavarnarnefndar Suðurnesja utan Grindavíkur og Almannavarnarnefnd Grindavíkur.
Áætlunin er samþykkt samhljóða.
- 3. Yfirferð og borið til samþykktar erindisbréf Almannavarnarnefndar Suðurnesja utan Grindavíkur.**
Erindisbréf lagt fram og samþykkt samhljóða.
- 4. Ástand ferðamannastaða eftir jarðhræringar og aðgerðir tengt því. Minnisblað frá ÍSOR.**
Minnisblað um jarðkönnun lagt fram. Tilgangur jarðkönnunar er að kortleggja nánar umfang sprunguhreyfinga innan svæðanna til að upplýsa Reykjanesbæ og

Almannavarnir um varasama staði áður en ferðamenn og útivistarfólk fer að umgangast svæðin í meira mæli í sumar. Niðurstöður jarðkönnunar eru því forsendur mótvægisáðgerða á svæðunum til að auka öryggi þeirra s.s. hvar þarf að merkja hættur, hvaða leiðir á að beina ferðamönnum um svæðin og hvar viðgerðir á sprungum þurfa að fara fram.

Nefndin telur mikilvægt að fara í þessa jarðkönnun með tilliti öryggis þeirra sem fara um svæðið. Framkvæmdastjóra falið að vinna verkefni áfram og afla frekari upplýsinga.

5. Staða mála tengt eldgosum á Reykjanesi.

Gunnar Schram fór yfir stöðuna. Landris hefur hafist aftur á svipuðum slóðum og síðast. Gunnar vakti athygli á opnum kynningarfundi Grindavíkurnefndarinnar og Grindavíkurbæjar sem haldinn verður miðvikudaginn 4.júní. Á fundinum verða kynntar nýjustu upplýsingar um jarðhræringar og áhrif þeirra á Grindavík.

6. Önnur mál

Bæjarstjóri Sveitarfélagsins Voga minnti á mikilvægi þess að fundin verði viðvarandi lausn á kalda vatnsmálum fyrir svæðið komi til þess að núverandi vatnsból svæðisins spillist.

Framkvæmdastjóri fór yfir sameiginlegan fund hagsmunaaðila sem haldinn var vegna Almyrkva 2026.

Fundi slitið kl. 12:51.